



Fyllið út með prentstöfum:

Barn / Börn undir 18 ára aldri sem beiðnin varðar:			
Nafn barns:	Kennitala	Forsjá er:	hjá móður hjá föður sameiginleg
		Barnið býr hjá:	móður föður

Mikilvægt er að skrá rétta og fulla kennitölu barns / barn því annars mun úrlausn málsins teyfast.

Foreldri A (málshefjandi):		
Fullt nafn:	Kennitala:	
Lögheimili (gata/bær):	Netfang:	
Staður:	Póstnúmer:	Sími:

Foreldri B (sem krafa beinist til):		
Fullt nafn:	Kennitala:	
Lögheimili (gata/bær):	Netfang:	
Staður:	Póstnúmer:	Sími:

Krafa um sérstakt framlag:			
Ég fer fram á að hinu foreldrinu verði með úrskurði sýslumanns gert að greiða mér sérstakt framlag vegna kostnaðar við:			
	Fermingu, sem fram fór þann: (dags.)	Upphæð kröfu:	kr.
	Tannréttingar:	Upphæð kröfu:	kr.
	Sjúkdóm, hvaða:	Upphæð kröfu:	kr.
	Gleraugu, keypt þann: (dags.)	Upphæð kröfu:	kr.
	Skírn sem fram fór þann: (dags.)	Upphæð kröfu:	kr.
	Annað sérstakt tilefni, hvaða:	Upphæð kröfu:	kr.

Erindið	Fylgiskjöl með beiðninni:
verður ekki tekið til meðferðar nema nauðsynleg gögn fylgi.	<p>Tvö síðustu skattframtöl krefjanda. Ljósrit staðfest af skattstjóra.</p> <p>Upplýsingar um tekjur yfirstandandi árs – Launaseðlar, greiðsluseðlar eða annað.</p> <p>Gildandi ákvörðun um meðlag með barninu/börnunum – eitthvað af þessu:</p> <p>- Skilnaðarleyfi - staðfestur samningur um meðlag - Úrskurður um meðlag - dómur/dómssátt um meðlag</p> <p>Reikningar/kvittanir vegna hins útlagða kostnaðar.</p> <p>Staðfesting á að ferming/skírn hafi farið fram – ef við á.</p> <p>Yfirlit Sjúkratrygginga Íslands sem sýni greiðsluþátttöku – vegna tannréttinga.</p> <p>Yfirlýsing tannlæknis um framvindu meðferðar, fram komi hvenær föst tæki voru sett / tekin – vegna tannréttinga.</p> <p>Læknisvottorð – ef krafa er vegna sjúkdóms barns.</p> <p>Önnur gögn sem byggt er á:</p> <p>_____</p>

Ég undirrituð / undirritaður fer fram á að hitt foreldrið greiði mér sérstakt framlag sem að ofan greinir:	
Staður og dagsetning:	Nafn málshefjanda:



Sérstakt framlag til framfærslu barns: Hægt er að gera kröfu um að sýslumaður úrskurði um sérstakar greiðslur vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni, sbr. 60. gr. [barnalaga nr. 76/2003](#). Kröfu um slíkt framlag er aðeins hægt að gera á hendur meðlagsskyldu foreldri. Með orðunum „af öðru sérstöku tilefni“ er átt við tilefni sem eru sérstaks eðlis en ekki almenns, því reglubundnum meðlagsgreiðslum með barni er ætlað að standa straum af almennri framfærslu þess. Meðal þess sem rétt er að telja almenna framfærslu má nefna kostnað vegna tónlistarnáms barns eða íþróttaiðkunar svo og kostnað vegna almennra tannviðgerða. Kostnaður vegna tannviðgerða sem væru sérstaks eðlis mundi á hinn bóginn geta fallið undir ákvæðið, auk kostnaðar vegna sérkennslu vegna sérstakra námserfiðleika hjá barni o.s.frv.

Frestur til að leggja fram kröfu: Kröfu um sérstakt framlag þarf að leggja fram hjá sýslumanni innan þriggja mánaða frá því að svara varð til útgjalda, nema að eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með framlagningu kröfunnar. Miðað er við að krafa um framlag vegna **fermingar** þurfi að vera komin fram innan þriggja mánaða frá fermingardegnum en þá kunna ýmsir reikningar sem eru tilkomnir vegna undirbúnings fermingarinnar að vera eldri en þriggja mánaða. **Sérregla er um tannréttingar**, ekki er talið skylt að setja fram kröfu um framlag vegna tannréttinga, sem iðulega stendur yfir í nokkurn tíma, innan þriggja mánaða frá því að hver einstök greiðsla var innt af hendi, a.m.k. ekki ef um samfellda meðferð er að ræða, heldur getur verið eðlilegt að bíða með kröfu vegna slíkra aðgerða allt þar til innan þriggja mánaða frá því að meðferð lýkur. Lok meðferðar miðast við það tímamark er föst tæki (teinar, spangir) eru fjarlægð af tönnum samkvæmt staðfestingu réttingatannlæknis.

Nauðsynleg fylgigögn með beiðni til sýslumanns eru:

- Skjal er staðfestir skipan meðlagsgreiðslna með barninu. Þar getur verið um að ræða skilnaðarleyfi, staðfestingu sýslumanns á samningi, úrskurð um meðlag, dómsátt eða dóm um meðlag.
- Síðustu tvö skattframtöl krefjanda, afrit þurfa að vera staðfest af ríkisskattstjóra.
- Upplýsingar um tekjur krefjanda á yfirstandandi ári, svo sem afrit launaseðla.
- Gögn er sýni þann kostnað sem óskað er þátttöku í, svo sem kvittanir eða reikningar sem þurfa að vera í frumriti.
- Ef beiðni byggist á sjúkdómi barns, fylgi læknisvottorð.
- Ef beiðni er vegna tannréttinga fylgi upplýsingar um greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga Íslands.
- Ef beiðni er vegna tannréttinga fylgi yfirlýsing tannlæknis um framvindu meðferðar. Fram þarf að koma hvenær föst tæki voru sett í eða eftir atvikum fjarlægð.
- Annað sem nauðsynlegt kann að vera til stuðnings kröfunni.

Meðferð málsins felst í því að kynna gagnaðila kröfuna, gefa viðkomandi kost á að tjá sig og leggja fram gögn í málinu, m.a. um fjárhag og félagslega stöðu. Ef kröfunni er andmælt, er farið fram á að gagnaðili leggi fram:

- Síðustu tvö skattframtöl, afrit þurfa að vera staðfest af ríkisskattstjóra.
- Upplýsingar um tekjur á yfirstandandi ári, svo sem afrit launaseðla.
- Önnur gögn sem gagnaðili telur þurfa máli sínu til stuðnings.

Eftir atvikum fær málshefjandi kost á að tjá sig um málflytning gagnaðilans. Ef að gagnaðili sinnir ekki boðunum sýslumanns eða tilmælum um framlagningu gagna, getur sýslumaður krafist afhendingar ljósrits af skattframtali hans hjá hlutaðeigandi skattstjóra.

Þegar málið er nægilega upplýst kveður sýslumaður upp rökstuddan úrskurð í málinu. Úrskurð sýslumanns er hægt að kæra til dómsmálaráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans.

Við ákvörðun í ágreiningsmáli vegna fermingar, skírnar eða greftrunar er höfð hliðsjón af [viðmiðunarfjárhæðum um framlög](#) sem dómsmálaráðuneytið gefur út árlega. Einnig er tekið mið af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.

Samningur um sérstakt framlag: Ef foreldrar eru sammála um greiðslu á sérstöku framlagi er gerður um það [skriflegur samningur á þar til gerðu eyðublaði](#). Útfylltu eyðublaðinu skal koma til sýslumanns, ásamt fylgigögnum er sýni fram á að aðstæður skv. 60. gr. barnalaga séu fyrir hendi. Sýslumaður gefur síðan út staðfestingu á samningnum og sendir báðum aðilum skjalið.

Samningur um sérstakt framlag er því aðeins gildur að sýslumaður hafi staðfest hann. Samningur er yfirleitt lagður fram til staðfestingar hjá sýslumanni í því umdæmi sem barnið býr, en engu að síður er hægt að leita til sýslumanns í umdæmi hvors foreldris sem er.

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins: Þegar sýslumaður hefur úrskurðað um sérstakt framlag eða samningur hefur verið staðfestur af sýslumanni er hægt að innheimta greiðslur samkvæmt honum með fjárnámi og eftirfarandi fullnustugerðum, ef ekki er greitt. Móttakandi greiðslan lagt fram [beiðni um að Tryggingastofnun ríkisins greiði framlag](#) samkvæmt úrskurði sýslumanns eða samkvæmt samningi um sérstakt framlag staðfestum af sýslumanni. Vísað er á Tryggingastofnun ríkisins um nánari upplýsingar.

Vefur sýslumanna: www.syslumenn.is
[Barnalög 76/2003](#).